

Skólaráðsfundur haldinn á Stokkseyri 5. febrúar 2010

Mættir eru: Björg Einarsdóttir, Álfrún Bjarnadóttir, Björn Ingi Bjarnason, Ingibjörg Ársælsdóttir, Íris Grétarsdóttir, Harpa Einarsdóttir og Elísabet Jóhannsdóttir. Fulltrúar foreldra mættu ekki.

1. Nýbyggingin á Stokkseyri. Harpa sagði frá stöðu mála varðandi nýbygginguna á Stokkseyri. Sveitarfélagið Árborg er búið að senda tryggingarfélagi byggingarinnar beiðni þar sem óskað er eftir að það gangi að verktryggingum til að halda áfram með verkið. Boltinn er því hjá tryggingarfélaginu og beðið er svara frá því. Fundarmenn ræddu stöðuna og eftirfarandi ályktun til þeirra er með málið fara, samþykkt:

Skólaráð BES skorar á þá er málið varðar að ljúka við nýbyggingu skólans á Stokkseyri sem fyrst svo að hægt sé að hefja starfsemi þar á þessu skólaári eins og áætlað var. Skólinn hefur mátt búa við mikið aðstöðuleysi í húsnæðismálum á Eyrarbakka og Stokkseyri um árabíl. Nú þegar hillir undir úrbætur má ekki slá af heldur ljúka verkefninu þannig að öllum sé sómi af. Þörfin fyrir húsnæðisbætur er knýjandi sem aldrei fyrr og sorglegt væri að horfa upp á þessa glæsilegu byggingu standa auða í hjarta Stokkseyrar næstu mánuðina.

2. Önnur mál.

- Fundargerðir Skólaráðs BES verða teknar fyrir til kynningar í fræðsluráði í næstu viku
- Seta í skólaráði. Fulltrúi nemenda Álfrún óskar eftir því að vera ekki lengur í skólaráði þar sem þetta sé hennar annað ár í ráðinu. Þeirri ábendingu var komið til nemenda að þau geta kosið sér nýjan fulltrúa og munu þau fara í það mál.
- Í gær, fimmtudag, fóru nemendur BES á árshátíðarball hjá grunnskólum Bláskógarbyggðar og Flúðaskóla.
- Í dag, föstudag, var nemendum í 1.- 5. bekk BES gefin endurskinsvesti til að nota á leið í og úr skóla. Gefendur eru fyrirtæki og félög á Eyrarbakka og Stokkseyri.
- Harpa kynnti að verið er að útbúa skólapeysur fyrir nemendur Barnaskólans.
- Stofnað hefur verið áhugamanna leikhús fyrir unglíngana á Ströndinni.
- Skólaráð BES skorar á bæjaryfirvöld að ljúka skipulagsvinnu vegna óska “stígavinafélags StokksEyrarbakka” um lagningu göngustígar milli Eyrarbakka og Stokkseyrar. Slíkur göngustígur milli þorpanna eykur öryggi nemenda og annarra sem vilja ganga / hjóla milli þeirra.

Fundargerð upplesin og samþykkt
Elísabet St. Jóhannsdóttir
fundarritari